

## Stjórnarfundur í Þyt 26 júní 2017

Mættir: Pétur, Markús, Sindri, Árni Þór.

1. Fundargerðir júní mánaðar samþykktar og ákveðið að færa allar fundargerðir inn á heimasíður.
2. Sumarstarfið rætt. Nú eru 25 skráðir á námskeið. Talsverður hluti þeirra eru að koma í annað sinn.
3. Báðir slöngubátarnir hafa verið í viðgerðum. Þeir verða tilbúnir aftur á morgun.
4. Formaður greindi frá skoðun á Wayfarer bát sem auglýstur hefur verið til sölu. Báturinn er í slæmu ástandi. Annar af Wayfarer bátum þeim er klúbburinn hefur til afnota fer í notkun í vikunni.
5. Formaður tilkynnti að hann væri byrjaður að mála kajakana. Að því loknu er uppgerð lokið á þeim flestum.
6. Framkvæmdir. Búið er að greiða fyrir múrverk og dúkalagnir á böðum. Hluti af pípulögnum er einnig greiddur, þ.e. greiðsla tækja.
7. Framkvæmd fjármálaliðar viðhaldsverkefna rædd. Formaður mun taka saman vinnukostnað og efni og leggja fyrir fulltrúa bæjarins til að fá hann greiddan. Einnig rædd framkvæmdir við loftræstingu við böð. Taka þarf afstöðu til málsins.
8. Rædd ýmis atriði sem þurfa að liggja fyrir vegna fjárhagsáætlunar næsta árs en hún þarf að liggja fyrir í lok ágúst. Markús minnti á ljós á geymslusvæði.
9. Markús benti á að það þarf að manna gæslubát á þeim tímum sem félagsmenn geta komið og siglt með fjölskyldur sínar.
10. Æfingabúðir: Fundur var sl þriðjudagskvöld þar sem línur voru lagðar varðandi þátttöku héðan. Að mestu er búið að undirbúa gistingu og flutning á bátum. Rædd framkvæmdaratriði flutnings. Markús lagði fram hugmynd að sjóði til að greiða kostnað við mótshald og æfingabúðir. Samþykkt var að greiða eldsneytiskostnað fyrir Sindra auk fæðispeninga í einni 50 þúsund kr greiðslu.
11. Formaður ræddi hugmyndir um vetrarstarfið. Reynt verði að vera með starf alla laugardaga til kl 16. Fjármagna þarf þjálfarrakostnað með þáttökugjöldum. Markús benti á að vetrarstarf felur einnig í sér viðhald á húsnæði og bátum.
12. Rædd ýmis atriði varðandi viðhaldsþarfir á Lazer seglum, stýrum og kjöllum.

Ekki fleira gert og fundi slitið.